

Skotípróttasamband Íslands hefur valið eftirtalda sem Skotípróttamenn ársins 2012 :

Skotípróttakarl Ársins er: Ásgeir Sigurgeirsson úr Skotfélagi Reykjavíkur.

Hann sigraði á flestum þeim mótum sem hann keppti í á árinu hérlandis. Hann varð bæði Íslands-og Bikarmeistari í sínum greinum. Hann keppti í tveimur greinum á Ólympíuleikunum í London og varð þar í 14.sæti í Loftskammbyssu og í 32.sæti Frjálsri skammbyssu. Hann tók þátt í fjölda alþjóðlegra móta árinu. Hann varð meðal annars í öðru sæti á einu sterkasta mótinu IWK í München í janúar. Einnig hafnaði hann í 22.sæti á Evrópumeistaramótinu í Finnlandi í febrúar og í 23.sæti á Heimsbikarmótinu í München í lok maí. Ásgeir er nú í lok desember í 21.sæti á heimslistanum í Loftskammbyssunni og í 47.sæti í Frjálsri skammbyssu. Á Evrópulistanum er hann í 14.sæti í Loftskammbyssu og í 29.sæti í Frjálsri skammbyssu.

Skotípróttakona Ársins er: Jórunn Harðardóttir úr Skotfélagi Reykjavíkur.

Jórunn er jafnvíg á riffil og skammbyssu. Hún varð Íslandsmeistari í Loftriffli, Loftskammbyssu, Staðlaðri skammbyssu og enskum riffli. Einnig varð hún Reykjavíkumeistari í Loftskammbyssu. Hún setti Íslandsmet í Loftskammbyssu 374 stig og í enskum riffli með final 673,5 stig. Einnig jafnaði hún Íslandsmetið í Loftriffli 383 stig.